

Nd.

111. Skýrsla

um námurekstur landssjóðs á Tjörnesi.

Frá fjárhagsnefnd.

Eitt af því, sem fjárhagsnefndin hefir talið sjer skylt að rannsaka samkv. ályktuninni á þingskj. 20, er Tjörnesnámurekstur landssjóðs. Hefir nefndin kynt sjer öll plögg og reikninga þessa máls, er fyrir finnast hjá stjórnarvöldum landsins, og leyfir sjer hjer með að gefa stutt yfirlit yfir hið helsta úr sögu og rekstri

þessa fyrirtækis. Verður nákvæmar farið í sakir, að því er einstök atriði snertir, við framsögu að tillögu til þingsályktunar (þskj. 112), er nefndin hefir í hyggju að bera fram í háttv. deild.

1. Náman.

Náma sú, er hjer um ræðir, er svo nefnd Tungunáma, eða brúnkolanáma í landi jarðarinnar Ytri-Tungu í Tjörneshreppi. Af skilríkjum þeim, sem fyrir liggja, verður þess fyrst vart í maí f. á. (8. maí 1917), að landsstjórnin falast, símleiðis, eftir því að fá leiguumráð yfir þessari námu hjá Tjörneshreppi, sem þá var að einhverju leyti orðinn eigandi jarðarinnar Tungu, eða að m. k. námurjettar þar. Af hálfu hreppsnefndar er því svarað þannig, þ. 11. s. m., að náman geti fengist leigð fyrir ákveðið eftirgjald, sem sje 2400 kr. á ári. Þann 14. s. m. tilkynnir stjórnarráðið hreppsnefndinni, að landssjóður vilji leigja með fullum afnotum, gegn gjaldi, kr. 3,50 fyrir hverja smalest kola, sem burt er flutt, og sama dag sendir hreppsnefndin skeyti um, að hún gangi sem leigusali að þessum kostum.

Þessari leigu hefir verið haldið til 1. sept. 1917, að því er virðist, og á reikningum sjest, að greitt hefir verið Tjörneshreppi í upplökugjald (leigugjald) samtals kr. 2077,50.

Þá verður það nálægt miðjum ágústmánuði f. á., án þess að sjeð verði af plöggum málsins af hvaða rötum það er runnið eða hver rök liggja til þess, að landssjóður kaupir námu þessa af Tjörneshreppi. Kemur fulltrúi hreppsins hingað suður á þeim tíma, og fer fram afsal til landsins á *námurjettindum* öllum í Ytri-Tungu þann 16. ágúst 1917 fyrir kaupverð kr. 16000,00. Hefir landsstjórnin þannig gefið fyrir námu þessa kr. 18077,50, og hefir heyrst, að það muni vera nær hálfu meira verð en hreppurinn hafði þá nýlega eignast jörðina og rjettindin fyrir, en engin skilríki finnast um þetta hjer.

2. Vinnan.

Landsstjórnin hóf nú brátt kolavinslu í námu þessari. Seinni hluta maí-mánaðar f. á. ákveður hún, að norður fari sem verkstjóri við námureksturinn Jónas nokkur Þorsteinsson, er verið hafði áður verkstjóri við vegagerðir landsins, og kom hann til námunnar 4. júní. Hefir hann verið verkstjóri síðan, og að því er virðist annar maður til að einhverju leyti, Sigurður nokkur Jónsson. Þá var og fenginn um sama leyti til þess að vera ráðsmaður námunnar Benedikt Björnsson, skólastjóri á Húsavík, en eftirlitsmaður og reikningshaldari var skipaður þann 2. júní sýslumaðurinn í Þingeyjarsýslu, Steingr. Jónsson. — Yfirstjórn alls hafði stjórnarráðið eða atvinnumáladeild þess; hafði atvinnumálaráðherra Sigurður Jónsson og ferðast norður og undirbúið kolanámið, að því er sjá má á greiðsluávisun til hans frá 13. júní f. á.

Seint í ágústmánuði 1917 er aðalverkstjórinn, Jónas Þorsteinsson, kallaður suður hingað til »undirbúnings *vetrarvinnu*«, og er hann þ. 18. sept. ráðinn áfram til verkstjórastöðunnar með skriflegum samningi (til 1. maí þ. á.), og skyldi hann hafa 15 kr. á dag, einnig verðlaun af uppteknum kolum, 50 aura af smalest hverri, fritt fæði, húsnæði, hita og þjónustu og ferðir fram og aftur. — Ef þessi friðindi eru reiknuð til peninga eftir sama mælikvarða og þau kostuðu landssjóð þar

nyrðra eða miðuð við það, sem verkstjóri þessi hefði orðið að gefa fyrir þau hjer í Reykjavík, verður árskauþ hans naumast undir kr. 8000,00.

Kjör þau, sem ráðsmaður hafði, munu hafa verið 300 kr. kaup á mánuði og alt fritt.

Við námuvinnuna voru verkamenn stundum allmargir, stundum færri, og er talið, að þeir munu hafa verið til jafnaðar um 35—40. Kaup höfðu þeir til jafnaðar 60—70 aura um klukkustund (nokkrir meira), eða 6—7 kr. á dag, miðað við 10 stunda dagsverk, auk fæðis, þjónustu o. s. frv. Eftir 6. okt. lækkaði kaupið nokkuð; fengu sumir 55—60 aura, en meðaltal varð nálega 50 aurar og umgetin friðindi hjeldu sjer.

Þess má þegar geta hjer, að fæðis- og matreiðslukostnaður hefir reiknast að vera að meðaltali kr. 3,20 á dag fyrir manninn; húsnæði og eldsneyti (sem með vissu hefir eyðst allmikið í námunni) ekki talið.

Svo telst til, að unnin hafi verið í námunni til nýárs síðastl. 8191,1 dagsverk, ef með er talin húsagerðin, en frá nýári og til 9. mars 2084 dagsverk. Upp hafa verið tekin til þess tíma kol um 1430 smálestir, ef alt skal kol telja.

Nefndin hefir kannað, hvert eldsneyti þetta hefir verið selt eða hvernig það hafi dreifst um landið og komist að þessari niðurstöðu (tölurnar að eins hjer um bil):

Til Reykjavíkur hafa verið seldar úr þessari námu nálega 310 smál.	
— Þingeyjarsýslu... ..	— 300 —
— Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar ..	— 275 —
— Skagafjarðarsýslu	— 65 —
— Norður-Múlasýslu með Seyðisfirði... ..	— 60 —
— Húnavatnssýslu	— 35 —
— Suður-Múlasýslu ..	— 15 —

Eins og við er að búast, er það eingöngu Norður- og Austurland auk Reykjavíkur, sem notið hefir af eldsneyti þessu, og sumar sýslurnar að litlu leyti; aðallega sjálf Þingeyjarsýslan og Eyjafjarðarsýsla með Akureyrarkaupstað.

3. Kostnaðurinn.

Drepið hefir verið á nokkur kostnaðaratriði hjer að framan, svo sem námuverðið og einnig fæðiskostnað verkamannanna, er alls reiknast hafa numið frá byrjun (maí—júni í fyrra) til 9. mars þ. á., en til þess tíma eru nú reikningar að mestu uppgerðir, kr. 44352,62. Matvælabirgðir námunnar voru þá virtar á kr. 8000,00, sem dragast frá, svo að út kemur það, sem eytt hefir verið, kr. 36352,62. Á þeim tíma teljast hafa verið seld kol úr námunni fyrir alls kr. 36425,01 og upptekin kol, óseld, virt kr. 15620,00, sem gerir til samans kr. 52045,01. Má því segja, að verkalýðurinn allur hafi, til jafnaðar tekið, unnið rúmlega fyrir mat sinum, sem sumir hafa dregið í efa, er heyrt hafa um rekstrarútkomu námunnar.

Við námuna var reist hús fyrir verkamenn. Eru veggir allir úr torfi, en innan þiljað. Efni varð að flytja að, trje og járn, og trjesmiðameistari var sendur norður hjeðan úr Reykjavík í ágústmánuði f. á., Einar Erlendsson. Húsagerðin kostaði kr. 40451,72. Virt mun húsið hafa verið til brunavátryggingar á 33 þús. kr.

Önnur útgjöld á þessum tíma til námurekstrarins eru einkanlega verka-
laun og annar kostnaður við verkamenn (svo sem fargjöld o. s. frv.), til verk-
stjórnar, ráðsmensku og eftirlits, með fleiru óákveðnu (sem ekki er fullkomin
grein gerð fyrir), alls yfir 85 þús. króna. Áhöld, sprengiefni og ýms gögn yfir
40 þús. króna.

Tekjurnar eru, eins og gefur að skilja, svo sem eingöngu andvirði hinna
seldu brúnkola, er áður er getið um. Og útkoman verður þannig, þegar búið er
að gera fyrir hæfilegri fyrningu á eignum fyrirtækisins, — að *hreinn halli á rekstri
þessarar námu hefir orðið á þessum tíma, frá miðjum maí f. á. og til 9. mars þ. á.,
á annað hundrað þúsund króna*, eða, eftir því sem reiknast hefir nákvæmast,
kr. 102161,83. Það gerir á þessu 10 mánaða tímabili að meðaltali yfir 10 þúsund
króna tap á mánuði.

Um verð það, sem sett var á kolin, skal þess getið, að stjórnarráðið
ákvað það 23. júlí f. á. kr. 35,00 á hverri smálest við námuna (á Tjörnesi); en
19. sept. s. á. var það hækkað upp í kr. 40,00 á smálest, sem þó mun ekki hafa
komist í framkvæmd fyr en eftir nýár. Við hvað verðlagið hefir verið miðað,
verður eigi á neinn veg greint af skilríkjum þeim, er fyrir liggja. Og sýnt virðist,
að eigi hefir það verið sett til þess, að reksturinn bæri sig. — Í þessu sambandi
þykir rjett að taka fram, að eftir þeim röddum að dæma, sem borist hafa af
reynslu þessa eldsneytis síðastl. vetur, hefir kaupendum og notendum víst þótt
nægilegt fyrir þau gefið, því að víða hefir verið illa látið af brúnkolum úr
Tjörnesnámu landsjóðs, a. m. k. sumum sendingum, sem menn hafa talið miður
hreinsaðar en bæri og lítt hæfar til nokkurrar notkunar.

4. Niðurlagsorð.

Eins og skýrt hefir verið frá áður, var yfirstjórn þessa fyrirtækis í hönd-
um atvinnumálastjórnar landsins. Nefndin hefir sannfært sig um, að á öllu þessu
tímabili voru aldrei gerðir upp reikningar námunnar, aldrei gert neitt yfirlit yfir
reksturinn eða hag hans, og eigi verður af neinu *sjeð*, að landsstjórnin hafi haft
eða gert sjer nokkra hugmynd um, hvernig sakir stóðu í raun og veru, þótt
svo kunni að hafa verið. Í framkvæmdinni, að því er snertir eftirlit og stærri
útborganir, naut stjórnarráðið aðstoðar sýslumannsins á Húsavík, en um tilhögun
vinnunnar og eyðslu til námunnar voru verkstjórnarnir að mestu einráðir, nema
hvað stjórnarráðið að formi til lagði á samþykki sitt.

Af gögnum, sem fyrir nefndinni hafa legið, má sjá, að fenginn var að-
stoðarmaður í landsversluninni, hr. Einar Gunnarsson, cand. phil., til þess að eins
eins mánaðar tíma að athuga vikulega hvað liði kolabirgðum námunnar og
skuldbindingum hennar, sem sje frá 9. okt. til 17. nóv. f. á. Lýsingu á ástandinu,
allófagra, gefur hann í brjefi, dags. síðastnefndan dag (^{17/11} 1917), er endar með
þessum ummælum:

»Samkvæmt framangreindu — sem byggist á skýrslum frá námunni
»síðan 9. f. m. — virðist engin stjórn á henni að einu eða neinu leyti;
»mundi því þörf að kveðja nú þegar til menn að rannsaka allan rekstur
»hennar, svo ekki hljóttist meira tjón þar af vanrækslu en þegar er orðið«.

Inn á þetta m. m. verður nánar gengið, ef málið kemur fyrir háttv. deild.
Leið nú til jóla, og er þá svo að sjá sem stjórnarráðið hafi, þ. 27. des.

f. á., falið þáverandi forstöðumanni landsverslunarinnar að láta áðurnefndan Einar Gunnarsson *gera upp* reikning Tjörnesnámunnar (Tungunámu) til ársloka, en eigi hefir það verk komist í framkvæmd, og sat alt við sama.

Þ. 19. janúar þ. á. skrifar verkstjórinn, Jónas Þorsteinsson, stjórnarráðinu og fer fram á, að umsjón öll og reikningshald námunnar flytjist að öllu leyti norður. Stjórnarráðið sendir brjef þetta vegamálastjóra, verkfræðingi landsins, Geir G. Zoëga, til umsagnar og álita þ. 14. febr. síðastl., og 29. s. m. svarar vegamálastjóri og leggur til, að stjórn fyrirtækisins og reikningsfærsla sje falin einum hæfum manni hjer, líkt og stjórn vegamálanna honum o. s. frv. Verður þetta til þess, að stjórnarráðið *felur vegamálastjóra, með brjefi þ. 4. mars síðastl., stjórn og eftirlit með rekstri námunnar*, og er það nú í hans höndum.

Afskifti hans af fyrirtæki þessu höfðu áður verið þau, að stjórnarráðið sneri sjer til hans um öflun verkfæra og áhalda til námunnar, sem hann útvegaði erlendis. Einnig hafði hann á f. á. ráðið nokkra verkamenn til þessarar vinnu, eftir tilmælum atvinnumálastjórnarinnar. Þegar hann nú hafði tekið við, fær hann plögg námunnar í hendur frá stjórnarráðinu og heimtar til sín að norðan alla reikninga og bækur. Með þessi gögn í höndum *gerði hann síðan reikningsyfirlit yfir rekstur og hag námunnar* frá hyrjun (miðjum maí f. á.) og til ársloka síðustu og þaðan til 9. mars síðastl., og er á þeim reikningstölum byggt hjer að framan.

Ýmsar breytingar gerði vegamálastjórinn á vinnufyrirkomulaginu, ljet segja upp verkamönnum, er óþarfir reyndust (þar sem ekki er hægt að vinna), fyrirskipaði ráðningu á mönnum með viðunanlegum kjörum, en *án fæðis*, og lagði fleiri ráð á um reksturinn framvegis, ákvað kolaverð 55 kr. smálest hverja, þar sem þau eru geymd.

Enn hefir vegamálastjóri fengið hingað til lands sænskan námuverkstjóra, að því er af er látið dugandi mann og reyndan frá brúnkolanámum á Skáni. Er hann nú kominn norður á Tjörnes og á að ganga úr skugga um, hvernig þar er háttað öllu um námuna og vinslu kolanna (m. a. hafði heyrst, að kolin væru þar mjög á þrotum, er menn þó alls ekki vita gerla). Þessi verkstjóri á að koma fullu lagi á alla vinnuna, ef tiltök verða að halda henni áfram — og fara síðan til annara staða á landinu; — ýms áhöld, sjerstaklega gerð til kolavinslu, hefir vegamálastjóra einnig tekist að útvega, og eru þau komin til landsins (eru nú á leið norður).

Þar sem svo miklu fje hefir verið varpað í námu þessa, og eldsneytisþörf landsmanna eigi síður brýn en áður, hefir vegamálastjóra þótt full ástæða til þess að láta nú gera ítarlega — og síðustu — tilraun með námuverkið, undir hæfri og ábyggilegri stjórn. En það er þó skoðun hans, að eigi tjói að halda því áfram með stöðugu tapi fyrir landssjóð.

Alþingi, 12. maí 1918.

Magnús Guðmundsson,
formaður.

Gísli Sveinsson,
skrifari.

Einar Árnason.

Þórarinn Jónsson.

Hákon Kristófersson.